

Reykjavík, 19. febrúar 2026

UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um áform dómsmálaráðuneytis um breytingu á lögum um útlendinga (fjöldaflótti)

Rauði krossinn á Íslandi þakkar tækifærið til umsagnar á ofangreindum áformum. Félagið stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að málefnum flóttafólks í samvinnu við stjórnvöld sem og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR). Félagið hefur jafnframt mikla reynslu af sálfélagslegum stuðningi við flóttafólk, aðstoð við fólk með verndarstöðu vegna fjölskyldusameininga og inngildingar (e. *inclusion*).

Rauði krossinn hefur hér til hliðsjónar grundvallarhugsjónir hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi sem og stefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins í málefnum sem tengjast flóttafólki, umsækjendum um vernd og alþjóðlegum fólksflutningum.

Um áformin

Hér er verið að kynna áform um breytingar á lögum um útlendinga nr. 80/2016 og varða annars vegar 44. grein um sameiginlega vernd vegna fjöldaflótta og hins vegar breytingu á 9. grein er varðar flóttamannanefnd.

Athugasemdir varðandi 44. grein

Rauði krossinn vill enn og aftur hrósa stjórnvöldum fyrir móttöku fólks frá stríðshrjáðum svæðum Úkraínu. Stjórnvöld beittu 44. greininni í fyrsta sinn vegna flótta íbúa þáðan. Þau sem hingað leituðu gerðu sér vonir um að geta snúið fljótt til baka. Síðan eru liðin fjögur ár og enn ekki útséð með lok þessara hörmulegu átaka.

Þau áform sem dómsmálaráðuneytið kynnir hér virðast snúast um að breyta greininni þannig að fólk geti ekki sótt um mannúðarleyfi þegar fimm árum er náð í dvöl hér og eftir það sótt um ótímabundið dvalarleyfi. Það er þó einnig nokkuð óljóst hvað nákvæmlega áformað er að leggja til. Eins er óljóst hvaða einstaklinga frá Úkraínu átt er við í plagginu þegar sagt er að þau geti „í einhverjum tilvikum óskað eftir dvalarleyfi á öðrum grundvelli skv. lögum um útlendinga.“

Það Úkraínufólk sem leitaði hingað hefur leitast við að verða hluti af samfélaginu okkar á meðan það dvelur hér og er eðlilega með margvíslegar skuldbindingar og áætlanir um nánustu framtíð sína og barna sinna. En með stuttum framlengingum á tímabundinni vernd undanfarin ár, oft með skömmum fyrirvara, reynist fólki annars vegar afar erfitt að skipuleggja líf sitt og barna sinna og hins vegar dregur það úr viðleitni og áhuga á inngildingu. Þetta heyrum við frá skjólstaðingum félagsins í félagslegri virkni og íslenskubjálfuninni. „Á ég að leggja í þessa miklu vinnu við að fá námið mitt metið og taka viðbótarnám sem krafist er hér ef ég fæ ekki að vera í einhvern tíma?“ „Eigum við foreldrar með börn í framhaldsskóla að láta þau klára það nám hér, vitandi að

skólastig eru mismunandi milli landanna tveggja, þó svo stríðinu ljúki mögulega á morgun?“ „Gætum við farið heim á morgun þó stríðinu ljúki, þegar það er að engu að hverfa og blokkinn mín og bærinn minn er í rúst?“ Þrátt fyrir góða menntun á þeim sviðum atvinnulífsins hér þar sem vantar fólk þá segja þau marga vinnuveitendur sem taka á móti starfsumsókn þeirra hrædda við að leggja í kostnað við að þjálfa starfsmann sem missir mögulega leyfi til að vera hér eftir einhverja mánuði. „Á ég að leggja meira á mig við að læra íslensku ef ég fæ ekki að vera?“ „Ég gæti keypt íbúð og tryggt fjölskyldunni öruggari samastað í skólahverfi barnanna en er það skynsamlegt með þennan ófyrirsjáanleika?“ Og svo má lengi telja.

Þannig hefur sú mikla velvild sem fólst í tímabundnu verndinni á sér mun flóknari hliðar og hætta er á að horft sé fram hjá mannúðarsjónarmiðum verði þessi áform að lögum. Eins og sum segja „það er verið að breyta forsendunum sem við höfum gengið út frá í miðri á“.

Eins og við höfum orðið vör við skiptir máli fyrir fólk að fá að vita sem allra fyrst hverjir möguleikar þess eru til að vera hér áfram meðan á átökum stendur og það sé fyrirsjáanleiki til nokkurra ára. Merkja má þessar áhyggjur af fjölda umsagna við ofangreind áform sem þegar eru fram komnar.

Rauði krossinn vill minna á flóttamannasamning SP og rétt allra til að sækja um vernd og ítrekar jafnframt að fyrirsjáanleiki er mikilvægur flóttafólki. Félagið endurtekur fyrri hvatningu til stjórnvalda¹ um að heimilt verði að sækja um vernd á grundvelli 37. gr. bæði að þessum núgildandi tíma liðnum **sem og** á hvaða tímapunkti sem er eftir komuna hingað til lands ef fólk kys það fremur en sameiginlegu verndina.

Athugasemd varðandi 9. grein

Rauði krossinn gerir ekki athugasemd við að flóttamannanefnd verði færð yfir á forræði dómsmálaráðuneytis. Félagið vonar að með tilfærslunni færist aftur líf í móttöku flóttafólks í boði stjórnvalda. Það er afar brýnt að Ísland taki þátt í að bjóða einhverju af því flóttafólki sem er í hvað mestri neyð örugga leið í skjól og vinni þar með líkt þenkjandi þjóðum að því að draga úr hvata þess að leggja af stað upp á eigin spýtur í leit að öruggu skjóli eftir ótryggum leiðum.

Lokaorð

Rauði krossinn lýsir sig fúsan til samstarfs með stuðning sem félagið getur veitt ekki síst þar sem félagið kemur að verkefnum fyrir flóttafólk og telur mjög æskilegt að viðhaft verði gott samráð við viðkomandi félagasamtök. Fulltrúar Rauða krossins eru tilbúnir að hitta viðkomandi aðila innan dómsmálaráðuneytis til frekari viðræðna um áformin og gera grein fyrir sjónarmiðum félagsins.

¹ <https://www.raudikrossinn.is/media/ruamco5t/umsogn-um-framlengingu-leyfa-ukr-folks-31-okt-2024.pdf>